

Starfsáætlun leikskólans Sóla skólaárið 2019-2020



HJALLASTEFNAN EHF



Um leikskólann

Leikskólinn Sóli er til húsa að Ásavegi 11 í Vestmannaeyjum. Skólastýra á Sóla er Helga Björk Ólafsdóttir. Skólaárið 2019 til 2020 er 8. starfsár leikskólans undir Hjallastefnunni. Árið 2012 gerði Hjallastefnan ehf. og Vestmannaeyjabær með sér 5 ára þjónustusamning um reksturinn á Sóla, í júlí árið 2017 var samningurinn svo endurnýjaður og gildir sá samningur til ársins 2022.






Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2019 og er skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Vestmannaeyjabæjar.

Tölulegar upplýsingar - börn



Við upphaf skólaársins 2019 eru 90 börn börn skráð í leikskólanum. Þar af eru 46 drengir og 44 stúlkur. Þjónustusamningurinn hljóðar upp á 1025 dvalargildi á mánuði í 11 mánuði á ári, við upphaf skólaárs 2019 eru dvalargildin 1000. Vistunartími barna er eftirfarandi, 2 börn eru með 6 stunda vistun, 20 börn eru með tíma á bilinu 7-7.75 stundir, 31 börn eru í 8 tíma og 33 eru í 8.25-9 tíma. Í árgangi 2015 eru 27 börn, 24 börn eru fædd 2016 og 27 börn eru fædd 2017 og í yngsta árgangi eru 12 börn fædd 2018. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá þetta á myndum.



Við upphaf skólaárs 2019 njóta fimmtán börn sérkennslu á Sóla, tveir drengir hafa sérstakan stuðning við daglegar athafnir á kjarni í 4 klst. hvor. Nokkur börn eru í sérstöku eftirliti hjá okkur þar sem fylgst er með hegðun, félagsfærni, tjáningu og skilning. Tvö börn hafa pólsku að móðurmáli, tvö börn hafa rúmensku að móðurmáli, eitt barn hefur litháensku að móðurmáli og tvö börn eru tvítyngd annað með íslensku og dönsku, og hitt íslensku og sænsku. Guðrún Benónýsdóttir er sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar og er hún tvo morgna í viku á Sóla, þar sem hún sinnir börnum, fundum og skýrslugerð. Hildur Dögg Jónsdóttir hefur sinnt sérkennslustöðunni okkar og hafa þær tvær unnið sameignlega að sérkennslumálum á Sóla. Sigurlaug Vilbergsdóttir er ráðgjafafroskaþjálfari Vestmannaeyjabæjar og leitum við reglulega til hennar með hin ýmsu mál sem og situr hún flesta teymisfundir á Sóla. Á Sóla hefur einn kennari réttindi til að lesa úr Íslenska þroskalistanum, ein hefur réttindi á Íslenska málhjóðamælinn og þrjár hafa réttindi til að nýta sér matsefnið EFI.

Starfsmannamál



Næsta skólaár munu 16 hópstjórar starfa við leikskólann. Þrír hópstjórar eru á hverjum stúlkna- og drengjakjarna, auk þess kemur skilastaða þar inn eftir hádegi. Á yngsta kjarnanum sem auk þess er blandaður kjarni eru fjórir hópstjórar og til að byrja með erum við með tímabundna stöðu eftir hádegi vegna óvenju margra ungra barna. Stuðningskennsla er ekki fullmetin en við skólann eru nú tvær 50% stöður vegna tveggja barna sem njóta stuðnings, auk 30% tímabundinnar stöðu til að mæta snemmtækri íhlutun. Í starfsmannahópnum á Sóla eru níu leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn þroskaþjálfari og ein er sálfræðimenntuð. Við skólann eru einnig sex leikskólaliðar og þrjár eru á öðru ári í leikskólakennarafræðum við HÍ. Tvær sjá um eldhúsið á Sóla og fóru þær í raunfærnimat hjá Visku síðastliðinn vetur og hófu nám nú í haust í matartækninum. Þær sjá um allt sem snýr að eldamennsku fyrir börn og starfsfólk, en þess má geta að fjórtán börn eru með einhverskonar sérþarfir í matarmálum. Einnig sjá þær um öll innkaup fyrir eldhúsið og sinna þvotti. Þrífir eru í höndum verktakans Hugins Helgasonar sem á og rekur fyrirtækið Hugþríf, skólinn er þrífinn eftir lokun. Skólastýra ber ábyrgð á öllu sem viðkemur skólalaginu, faglegu og fjárhagslegu. Starfsmenn leikskólans Sóla næsta skólaár eru því áætlaðir 28 í tæpum 23 stöðugildum.

Hjallastefnan stendur fyrir öflugri samstarfi allra Hjallastefnuskóla um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Sóli starfsfólk sitt eindregið til þess. Þetta skólaárið hefur Vestmannaeyjabær einnig birt símenntunaráætlun fyrir

skólana sína og tökum við þátt í henni. Um starfsþróun og símenntun má lesa nánar í símenntunaráætlun leikskólans.

Í október munum við á Sóla fara af stað með þjálfunaráætlun fyrir allt starfsfólk leikskólans. Markmiðið með þjálfunaráætluninni er að tryggja að allt starfsfólk lesi reglulega handbók Hjallastefnunnar. Þannig hafa allir góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og vita vel til hvers er ætlast í starfi. Vinna með börnum og foreldrum þeirra er krefjandi verkefni sem aðeins hentar þeim sem hafa brennandi áhuga á að skapa leikheim með lausnum þar sem verkefni sem þjálfar færni í daglegu lífi eru í fyrirrúmi. Þessa þjálfunaráætlun mun svo nýtt starfsfólk þurfa að fara í gegnum þegar það hefur störf hjá okkur. Áætlunin er 9 vikur, er kennd í gegnum Google Classroom og endar hver vika með sjálfsmati.

Faglegar áherslur



Leikskólinn Sóli starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð og henni er lýst í skólanámskrá leikskólans, í bókinni „Æfingin skapar meistaran“ eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfundur stefnunnar, í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. og á heimasíðu Hjallastefnunnar.

Leikskólinn starfar að sjálfsögðu einnig á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 og er útfærslu á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans.

Auk Hjallastefnunnar og áhersluþátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Sóli sér sínar sérstöku áherslur; náttúra Vestmannaeyja, umhverfismennt og tónlistarhefð eyjamanna eiga sinn sess í starfinu. Áfram munum við leggja áherslu á læsi og stærðfræði með hliðsjón af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar. Við munum áfram nýta okkur stærðfræðinámsgögnin Numicon en stór hluti af kennurum á Sóla hafa sótt námskeið í notkun þeirra. Kennarar á Sóla hafa lokið innleiðingu á kennsluaðferðinni *Leikur að læra* en Kristín Einarsdóttir höfundur efnisins hefur haldið nokkur námskeið og leiðbeint kennurum með efnið. Þessi kennsluaðferð leggur áherslu á íslensku og stærðfræði og hvernig má kenna bóklegt nám án bóka í gegnum leik. Kristín Einarsdóttir verður okkur enn innan handa með leiðbeiningu ef við óskum þess. Margir kennarar á Sóla hafa fengið námskeið í efninu um Lubba en það leggur áherslu á íslensku málhljóðin. Þetta efni hefur margsannað sig við að kenna börnum öll íslensku málhljóðin.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Sóla.



Mat og umbætur

Leikskólinn Sóli stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf., s.s. spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis. Að nokkru leyti er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, s.s. gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlistun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólastarfinu er í höndum sveitarfélags og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á síðasta skólaári tók Menntamálastofnun ytra mat á leikskólanum Sóla og gerum við því betri skil í ársskýrslunni. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega. Áætlað er að næsta úttekt fari fram í byrjun næsta árs.

Samstarf við grendarsamfélag

Leikskólinn Sóli leggur sig fram um góð samskipti við grendarsamfélagið. Safnahúsið er í næsta nágrenni við skólann. Þar er bæði bæjarbókasafn og byggðasafn, sem er skemmtilegur heimur fyrir börnin okkar. Við munum halda áfram með okkar góða samstarf við Bókasafn Vestmannaeyja. Miðbærinn og hafnarvæðið er einnig í göngufæri svo börnin læra að þekkja og ganga um bæinn sinn. Sama má segja um hraunjaðarinn, sem og Eldheima, sem eru í næsta nágrenni við leikskólann. Þar er sögu eldgossins á Heimaey gerð skil, auk þess sem Surtseyjarstofa er þar til húsa. Sjúkrahús Vestmannaeyja er í næsta húsi við leikskólann og ætlum við okkur að halda góðu samstafi við það t.d. með listaverkasýningum og uppákomum fyrir sjúklinga og starfsmenn þar. Ár hvert er haldin sameiginleg sumarhátíð leikskólanna í



Vestmannaeyjum þar sem börn og kennarar koma saman og gera sér glaðan dag. Sóli heimsækir fótoltamóttin sem haldin eru í Vestmannaeyjum og tekur þátt í Goslokahátíðinni, sem og öðrum viðburðum sem tengjast lífi og menningu okkar Eyjamanna. Leikskólinn leggur sig fram við að vera í góðu sambandi við atvinnulífið, skólasamfélagið og opinberar stofnanir í Eyjum. Meðal þess sem börnin upplifa eru heimsóknir á slökkvistöðina, lögreglustöðina og hina ýmsu vinnustaði svo eitthvað sé nefnt.

Samstarf við fjölskyldur

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Leikskólinn Sóli stendur reglulega fyrir viðburðum sem efla samstarf skóla og heimilis. Á komandi skólaári eru fyrirhugað að halda foreldraviðtöl, jólaföndurdag, foreldrasöngfundi, bóndadagskaffi, konudagskaffi og vorhátíð, svo eitthvað sé nefnt.



Foreldraráð skipað þremur foreldrum er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráði leikskólans eru Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Kristín Hartmannsdóttir og Anný Aðalsteinsdóttir. Foreldraráð fundar u.þ.b. tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal, svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er starfandi í tengslum við skólann og er stjórn þess skipuð þeim Thelmu Hrund Kristjánsdóttur formanni, Björg Hjaltsted gjaldkera, Unni Líf Ingadóttur og Braga Magnússyni. Félagið stendur fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börn og fjölskyldur. Þar má nefna sumarhátíð, jólaföndurdag, tónleika og leikrit, einnig hefur sú hefð skapast að foreldrafélagið gefur útskriftarhóp skólans handklæði með merki Hjallastefnunnar og nafni barnsins. Foreldrafélagið hefur einnig glatt okkur með gjöfum til skólans sem nýtast í kennslu með börnum, núna síðast með tveimur veglegum fótoltamörkum.

Thelma Hrund Kristjánsdóttir, foreldraráð

Anný Aðalsteinsdóttir, foreldraráð

Kristín Hartmannsdóttir, foreldraráð

Helga Björk Ólafsdóttir, skólastýra